



Eftirfylgni tilmæla Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð hefur þann 31. október 2012 samþykkt eftirfarandi ákvörðun um innri málefni að tillögu eftirlitsnefndar.

Norðurlandaráð ákveður

að brýna áherslur og vanda til við gerð tilmæla og takmarka fjölda þeirra á ári;

að tilnefna talsmann í þeirri nefnd sem tiltekið mál varðar og hafi hann umsjón með framgangi og eftirfylgni tilmælanna;

að efla samráð við fagráðherrana og beita í auknum mæli fyrirspurnum á þjóðþingunum en einnig til ráðherra á hinum Norðurlöndunum;

að leggja til að landsdeildirnar fari yfir innri starfshætti sína og meti hvort nýtni á fjármagni og mannauði sé viðunandi hjá sendinefndum landanna og í allri starfsemi Norðurlandaráðs;

að fela eftirlitsnefnd að fylgja málinu eftir og leggja framvinduskýrslu fyrir Norðurlandaráð eigi síðar en á þemaþingi 2014.

Helsinki, 31. október 2012

Kimmo Sasi

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs